

Skautasamband Íslands

Ársskýrsla
2020 - 2021



Efnisyfirlit

Ávarp formanns	2
<i>Svava Hróðný Jónsdóttir</i>	2
Stjórn ÍSS 2020 – 2021	4
Dagskrá	5
<i>22. Skautaþing ÍSS, 1. Maí 2021</i>	5
Aðildarfélög 2020	6
Fjöldi þingfulltrúa á 22. Skautaþingi ÍSS	6
2020 – 2021 í máli og myndum	7
Afreksaskrá ÍSS	19
Heiðursfélagar	23
Ársreikningur 2020	24
<i>Skýrsla og áritun stjórnar</i>	24
Rekstrarreikningur	25
Efnahagsreikningur	26
<i>31. desember 2020</i>	26
Skýringar	28
<hr/>	
22. Skautaþing Skautasambands Íslands Ársskýrsla 2020 - 2021	1

Ávarp formanns

Svava Hróðný Jónsdóttir

Ágætu þingfulltrúar.

Velkomin á 22. ársþing Skautasambands Íslands.

Á tímabilinu, sem nú fer senn að ljúka, tókumst við á við áður óþekktar aðstæður. Aðstæður sem ég hefði aldrei trúað að gætu komið upp. Heimsfaraldur og í kjölfarið hertar sóttvarnaraðgerðir sem fólu í sér reglur á borð við samkomutakmarkanir, fjöldatakmarkanir, áhorfendabann, keppnisbann, æfingabann og lokun mannvirkja. Að þessum sökum voru aðrar áherslur en vant er og verkefni voru færri.



En koma tímar, koma ráð. Skautasambandið, starfsfólk þess og nefndarmenn, ásamt þjálfurum, iðkendum og starfsfólki aðildarféлага okkar tókst með frábærum hætti að takast á við þau vandamál og hindranir sem á vegi okkar urðu. Við undirbúning og framkvæmd móta þurfti að fylgja ströngum reglum m.a. um sóttvarnir og fjöldatakmarkanir en við búum að því að geta leitað í vandað og viðamikil regluverk um mótahald. Mótsstjórar félaganna unnu verkefni vel í samvinnu við skrifstofu ÍSS. Það er mikilvægt í íþróttaiðkun að hafa möguleika á því að keppa og sást það greinilega þegar loksins var hægt að halda mót að skautararnir voru spenntir og glaðir að fá loksins tækifæri til þess að keppa og sýna hvað í þeim býr.

Skautasambandið hefur nýtt þetta óvenjulega tímabil til þess að sinna þróunarverkefnum sem hafa verið í undirbúningi síðustu misseri. Má þar meðal annars nefna undirbúning að því að bæta skautahlaupi við keppnisgreinar sambandsins að nýju og möguleikana sem við höfum í rúlluskautaiþróttum.

Vel hefur gengið að halda áfram vinnunni að því að efla samhæfðan skautadans (e.synchro) að nýju. ÍSS hefur boðið upp á opnar æfingar í synchro reglulega síðustu mánuði þar sem að allir áhugasamir hafa fengið tækifæri til þess að kynna sér íþróttina og prufa að spreyta sig. Þessi vinna hefur verið unnin í samvinnu við þrjá frábæra þjálfara sem hafa viðamikla þekkingu og reynslu af íþróttinni og brennandi áhuga fyrir því að virkja hana að nýju. Fór það svo að þær stofnuðu nýtt skautafélag, Skautafélagið Jökull, sem er frábær viðbót við þau félög sem þegar eru aðilar að Skautasambandi Íslands.

Ég vil sérstaklega þakka aðildarfélögum okkar og þjálfurum sem þar starfa fyrir gott samstarf á tímabilinu. Ég vona að þessi góða samvinna, þar sem allir geta komið að borðinu og lagt sitt af mörkum, muni halda áfram á komandi tímabilum. Saman getum við unnið góð verk í þágu skautaíþróttá á Íslandi

Á síðasta ári sýndu íslenskir skautarar mikla framþróun sem sýndi sig í árangri þeirra á alþjóðlegum mótum. Á þessu tímabili hefur, því miður, verið lítið um alþjóðleg verkefni en skautararnir okkar halda ótrauðir áfram og æfa af kappi til þess að vera tilbúin í alþjóðleg verkefni á næsta tímabili. Það verður spennandi að fylgjast með þeim og sjá bættan árangur á ýmsum sviðum.

Bestu kveðjur,



Formaður ÍSS

Stjórn ÍSS 2020 – 2021



Formaður

**Svava Hróðný
Jónsdóttir**



Varaformaður

Ingibjörg Pálsdóttir



Gjaldkeri

Stefán Hjaltalín



Ritari

María Fortescue



Meðstjórnandi

**Þóra Sigríður
Torfadóttir**



Varamaður

**Jóhanna Helga
Þorkelsdóttir**



Varamaður

**Hulda Líf
Harðardóttir**



Framkvæmdastjóri

Lilja Baldursdóttir

Dagskrá

22. Skautaþing ÍSS, 1. Maí 2021

11:30	
11:30	Setning þingsins
	Dagskrá skv. 9. grein laga ÍSS <ol style="list-style-type: none">1. Þingsening2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefnd3. Kosning þingforseta4. Kosning þingritara5. Skýrsla stjórnar lögð fram6. Ársuppgjör sambandsins lagt fram7. Umræður og samþykkt reikninga8. Ávarp gesta9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram10. Kosning þingnefnda11. Lagabreytingatillögur12. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið ef þingmeirihluti leyfir13. Þingnefndir taka til starfa14. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum15. Umræður um tillögur nefnda og atkvæðagreiðslur um þær16. Önnur mál<ol style="list-style-type: none">a) Reglur um meðhöndlun kærumála17. Kosning stjórnar ÍSS og varastjórnar, skv. 12. gr.18. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga
16:00	
16:00	Áætluð þingslit

Aðildarfélög 2020



**Skautafélag Reykjavíkur
Listskautadeild**

www.skautafelag.is/list/

Félagið var stofnað:

7. janúar 1893

Formaður:

Anna Gígja Kristjánsdóttir



**Ungmennafélagið Fjölnir
Listskautadeild**

www.fjolnir.is/listskaugar/

Félagið var stofnað:

22. nóvember 1990

Formaður:

Waleska Giraldo Þorsteinsson



**Skautafélag Akureyrar
Listskautadeild**

www.sasport.is/listhlaup

Félagið var stofnað:

1. janúar 1937

Formaður:

María Indriðadóttir



**Íþróttafélagið Ösp
Listskautadeild**

www.ospin.is/listhlaup

Félagið var stofnað:

2011 (listskaudeild)

Formaður:

Helga Hákonardóttir

Fjöldi þingfulltrúa á 22. Skautaþingi ÍSS

Félag	Skautafélag Akureyrar	Skautafélag Reykjavíkur	Skautadeild Íþróttafélagsins Ösp	Fjölnir Listskautadeild	Samtals fulltrúar á 22. Skautaðingi
Félagar	70	321	27	133	
Þingfulltrúar	3	8	2	4	17

2020 – 2021 í máli og myndum

Markmið stjórnar

Í upphafi starfstíma setti stjórn sér markmið fyrir árið. Þetta starfstímabil var að mörgu leiti sérstakt. Ný stjórn var ekki kosin fyrr en í lok september 2020 og var starfstíminn því styttri en vanalega. Stærsta verkefnið var að uppfæra og fylgja reglum stjórnvalda sem snéru að íþróttastarfi á tímum covid-19. Fréttir um lokun mannvirkja, að íþróttastarf falli niður og hertar sóttvarnaraðgerðir voru algengari en nokkur átti von á. Allt tímabilið var í skugga faraldursins og fá verkefni og aðrar áherslur en vant er. En tækifærin leynast alls staðar og gafst því kjörið tækifæri til þess að skoða verkefni sem setið hafa á hakanum sökum anna og þróunarstarf var ríkjandi.

Nefndir ÍSS

Samvinna á milli nefnda ÍSS gekk mjög vel. Laganefnd fór í yfirgripsmikið verkefni sem krafðist samvinnu við allar nefndir og gafst það vel. Settir voru upp skýrir ferlar við samþykki og útgáfu skjala og reglna sem munu auðvelda yfirsýn og eftirfylgni.

Laganefnd ÍSS starfaði með þrjá nefndarmenn á tímabilinu sem koma úr mismunandi áttum innan skautaiþróttta. Þar sem reynslu utan nefndarinnar var þörf reyndist auðvelt að leita ráða og svara. Tímabilið var notað vel í nefndinni en vitað var að verkefnið var stórt í upphafi en það snéri að yfirferð allra gagna sem starfsemi ÍSS starfar eftir, leita eftir hvort um ósamræmi er að ræða og koma með uppástungur um úrbætur. Alls voru yfirfarin 40 skjöl á tímabilinu og var það unnið í samvinnu við stjórn og aðrar nefndir ÍSS.

Afreksnefnd ÍSS þurfti að aðlaga sína vinnu að breyttu landslagi þetta tímabilið. Engin alþjóðleg verkefni voru í gangi en eftirfylgni og utanumhald um íslenska skautara var eins og áður, ef ekki meira. Nefndin lagði til aðlögun á reglum til þess að koma til móts við skautara sem gátu bæði minna æft sem og keppnir voru fáar.



Þá var ákveðið að koma upp nýju ferli við val á fulltrúum á Junior Grand Prix en sú vinna er enn í gangi og er það von okkar að það skili sér í sanngirni á milli allra aðila sem og að gefa Afreksnefnd og ÍSS skýrari mynd á stöðu allra á þeim tíma sem val fer almennt fram.



Þjálfunar- og fræðslunefnd lagðist í gríðalega mikla og mikilvæga vinnu síðasta vor og sumar. Var þar sett upp og gefin út námskrá þjálfaranáms ÍSS þar sem sérgreinahlutinn er útlistaður niður á hvert stig fyrir sig og útgefin þau réttindi sem þjálfarar fá að loknu hverju stigi. Ákveðið var að fara í endurskipulagninu á þjálfaranáminu sjálfu og var sett upp nám sem byggir á fjarvinnu þátttakenda. Haldnir voru fjarfundir með hópnum í heild ásamt því að þátttakendur höfðu aðgengi að leiðbeinendum ef þess var óskað. Til viðbótar við fjarvinnuna voru haldnar staðlotur, ein á Akureyri og ein í Reykjavík, með fyrirlestrum og ístíma. Í lok námskeiðs fara svo fram einstaklingsviðtöl og ein staðlota fer fram í maí. Hefur þetta nám gefist mjög vel og ríkir mikil ánægja með framkvæmdina. Vinna er hafin að því að færa næstu stig í sama farveg en að baki því er mikil vinna. Samhliða vinnu sinni að þjálfaranámi ÍSS hefur nefndin skipulagt og haldið utan um fræðsluerindi fyrir afrekshópa ÍSS sem og reglulega fræðslufundi ÍSS sem eru aðgengilegir öllum innan skautaiþróttta. Það kom fyrir að fella þurfti niður fræðsluerindi vegna samkomutakmarkana en þó var eitthvað af þeim var flutt yfir á fjarfundi. Er það markmið nefndarinnar, í samvinnu við skrifstofu ÍSS, að halda áfram með fræðslufundi samhliða mótahaldi ÍSS sem og efla fræðslu til afrekshópa.

Nefndin hélt áframhaldandi samstarfi við Fimleikasamband Íslands. Fræðsludagurinn fór að þessu sinni fram í fjarfundi sem tókst vel þó að það hafi dregist örlítið sökum aðstæðna.

Mótanefnd sá um eftirlit á mótstað á ÍSS mótum, líkt og fyrri ár, ásamt því að vinna úr mótstjóra- og yfirdómaraskýrslum allra móta. Starf nefndarinnar er yfirgripsmikið og krefst samvinnu margra aðila. Skjölin sem nefndin hefur á sínu forræði eru stór og mörg og verður næsta áskorun nefndarinnar að setja öll útgefin skjöl þeirra upp á þann hátt að auðvelt sé að vinna með þau og eftir þeim ásamt því að uppfæra þau í samræmi við uppfærðar keppnis- og mótareglur.

Dómara- og tækninefnd hjálpaði stjórn og skrifstofu ÍSS að takast á við breytt landslag og aðgengi að sérfræðingum. Nefndarmenn ásamt fleiri íslenskum sérfræðingum á sviði dómgæslu settu upp dómaranámskeið í fjarnámi sem gekk vonum framár.

Nefndin setti einnig upp tillögur sem gætu tekið á aðstæðum þar sem ekki er hægt að koma sérfræðingum á staðinn. Má þar nefna fjardómgæslu á mótum og í prófum. Ekki þurfti að nýta fjardómgæslu á mótum að svo stöddu en eingöngu eitt mót var fellt niður á tímabilinu. Í eitt skipti var prufað að notast við fjardómgæslu í grunnprófi. Það gekk ágætlega og gaf góða mynd af því hvað þarf að bæta og hvað þarf að halda vel utan um í þeim tilvikum sem þetta er notað. Þessi verkefni gefa góða reynslu og eru mikilvægt efni fyrir ÍSS til þess að ganga að. Góð samvinna var á milli nefndarinnar og skrifstofu ÍSS við skipulagningu móta og uppsetningu á dómrapanel. Ásamt því að nefndin starfaði einnig með öðrum nefndum ÍSS að sameiginlegum verkefnum.

Afreksmál

ÍSS starfar samkvæmt Afreksstefnu sinni sem samþykkt er á skautaþingi ár hvert og gildir í tvö ár í senn. Er þetta skilyrði frá ÍSÍ og Afreksjóði ÍSÍ sem þarf að uppfylla til þess að sækja styrki í sjóðinn. Skautasambandið getur ekki haldið út afreksstarfi sínu nema með hjálp þessara styrkja. Síðasta ár höfðum við sett okkur það markmið að halda aukinni styrkveitingu sem við höfðum unnið okkur inn það ár og gekk það að mestu leyti. En í ljósi þess að minna var um afreksverkefni á mörgum sviðum voru styrkir lækkaðir til margra sérsambanda. Þar sem að við náðum að taka þátt í flestum af okkar stærstu verkefnum í byrjun árs 2020 hélst styrkuppþæðin næstum í hámarki.

Eins og á svo mörgum sviðum voru afreksmál unnin með öðru sniði en vanalega. Á núverandi tímabili hafa engin alþjóðleg verkefni farið fram sem íslenskir skautarar taka þátt í. Reyndar hefur verið mjög lítið um alþjóðleg verkefni yfir höfuð. Örfá mót voru haldin og margir af fremstu skauturum heims kepptu ekkert. Skautarar á Íslandi þurftu að finna nýjar leiðir til þess að æfa og halda sér við þar sem að æfinga- og keppnisbann var í gildi á landinu öllu í töluverðan tíma, og lengur á höfuðborgarsvæðinu. Afreksnefnd ÍSS reyndi eftir fremsta megni að fylgja eftir stöðu skautara í afrekshópum og hvetja til áframhaldandi æfinga.

Vinna að fagteymi ÍSS er stór hluti afreksmála. Mikilvægi þess að veita afreksíþróttafólki aðgengi að faglegru aðstoð er gríðarlegt og skiptir þar miklu máli stöðugleiki svo ekki fari tími og peningur í aðlögun. ÍSS hefur unnið áfram með Sólveigu Dröfn Andrésdóttur sjúkrapjálfa. En hún er jafnframt í Afreksnefnd ÍSS. Viðtöl við skautara fara fram að lágmarki tvisvar sinnum á hverju tímabili. Þessi viðtöl hafa gefist vel og eru þau einnig góð þjálfun fyrir skautarana í markmiðasetningu. Við höfum unnið þetta tímabilið með Richard Taehtinen, sálfræðingi. Hann var með fyrirlestra í æfingabúðum ásamt einstaklingsviðtölum með afrekshópum og eftirfylgni með þeim viðtölum.



skautaskóla til afreksskautara.

Auk Kristínar fengum við til liðs við okkur fleira fagfólk sem sá um fræðsluerindi og æfingar af ís. Sólveig Dröfn Andrésdóttir, sjúkraþjálfari, var með fyrirlestra um hreyfistjórnun og bjargráð ásamt æfingum í hreyfistjórnun. Einnig var hún með sjúkraþjálfunartíma fyrir afrekshópa og tók einstaklingsviðtöl fyrir hönd afreksefnadar. Richard Taehtinen var með fyrirlestur og einstaklingsviðtöl við afrekshóp. Helga Olsen var með verkefnavinnu og markmiðasetningu. Jóga og samflot var í höndum Jógastúdíósins Ómur. María Fortescue sá um yfirferð prógramma og viðtöl við skautara að því loknu.

ÍSS bauð svo öllum hópnum út að borða eitt kvöldið líkt og síðasta ár ásamt því að hópnum var boðið í SUP kennslu.

Í júlí 2020 voru haldnar æfingabúðir fyrir afreksefni og afrekshóp ÍSS. Skauturum með keppnisrétt í flokkum Advanced Novice, Junior og Senior var boðin þátttaka. Þeir skautarar sem höfðu náð viðmiðum í hóp afreksefna og afrekshóp gátu tekið þátt sér að kostnaðarlausu. Aðrir keppendur í þessum flokkum, hópur í svokallaðri hæfileikamótun, gátu tekið þátt gegn vægu gjaldi. Haldið var uppi sama sniði og árið áður. Æfingabúðirnar fór fram á Akureyri og gisti allur hópurinn saman í Valsárskóla á Svalbarðsströnd ásamt fararstjórum. Svona verkefni er ekki hægt að framkvæma nema með góðri aðstoð og var foreldrafélag LSA okkur innan handar.

Við fengum íslenskan þjálfara til þess að sjá um kennslu á ís að þessu sinni. Kristín Ómarsdóttir hefur viðamikla reynslu og menntun á sviði íþróttta og þjálfunar og hefur starfað um árabíl sem skautaðþjálfari á öllum stigum frá



Æfingabúðir sem vanalega eru haldnar í kringum áramót fóru fram með breyttu sniði. Í stað þess að safna hópnum saman í eitt rými útvegaði ÍSS þeim sem ekki höfðu aðgengi að ísæfingum ístímum á sínum æfingastað svo að ekki yrði óþafa blöndun. Fræðsluerindi voru haldin í gegnum fjarfundarbúnað og svo setti þjálfunar- og fræðslunefnd upp hópefli í gegnum sama form. Fræðsluerindin sem boðið var uppá var annars vegar fyrirlestur með Pálmari Ragnarssyni um jákvæð samskipti og fyrirlestur með Richard Taethinen um líðan og virkni.

Framundan er frekari vinna að uppbyggingu afrekshópa ÍSS og efla enn frekar þá skautara sem eru þar nú þegar. Fer sú vinna fram með góðu sambandi stjórnar, afreksnefndar og starfsmanna ÍSS við afreksefni, þjálfara þeirra, félög og foreldra/aðstandendur.



Dómarar- og tæknifólk

Efling og menntun dómara og tæknifólks frá Íslandi hefur verið í stöðugri vinnu. Það er styrkleikamerki fyrir landið okkar að geta sent starfsfólk með keppendum á stærstu mótin sem okkar keppendur taka þátt á. Reynsla starfsfólksins hefur mikið að segja varðandi áframhaldandi menntun þeirra. ÍSS vinnur nú að enn frekari framþróun starfsfólks í þeirra störfum og eru spennandi tímar framundan í þeim efnum.

Sumarið 2020 sá skrifstofa ÍSS og dómara- og tækninefnd ÍSS fram á að erfitt væri að fá erlenda sérfræðinga til þess að starfa á mótum ÍSS á tímabilinu. Var þá ákveðið að nýta sumarið til þess að mennta bæði nýtt og eldra starfsfólk. Námið fór fram í fjarnámi og sáu íslenskir sérfræðingar á sviði dómgæslu um utanumhald og kennslu á námskeiðinu. Efnið sem sett var saman og gefið var út var í hæsta gæðaflokki og býr Skautasambandið vel að því að eiga starfsfólk sem þekkir vel til sinna starfa og hafa getu og vilja til þess að miðla af sinni reynslu. Í lok námskeiðanna bauð ÍSS upp á fyrirlestra, í gegnum fjarfundarbúnað, frá erlendum sérfræðingum sem ýmist fóru yfir tiltekin atriði sinna starfa eða stuttlega yfir störf í þeirra stöðum í heild sinni. Námskeiðið gekk vonum framár og bættust við nýir starfsmenn og vonandi framtíðarstarfsmenn líka.

Skautasambandið sendi ekkert starfsfólk í erlend verkefni á tímabilinu. En við horfum bjartsýn á næsta tímabil sem verður án efa spennandi.

Skautakona ársins

Skautakona ársins var valin að venju. Sem áður þá höfum við ekki getað tilnefnt íþróttafólk af báðum kynjum og er það áframhaldandi áminning um að halda betur utan um þann hóp skautara innan okkar raða og styrkja og efla þá enn frekar.

Að þessu sinni var Aldís Kara Bergsdóttir valin skautakona ársins 2020. Hún skaraði fram úr meðal jafningja á árinu og ber þar helst að nefna þátttöku hennar á Heimsmeistaramóti Unglinga í Tallin í mars. Var hún þá fyrst Íslendinga til þess að vinna sér inn keppnisrétt og keppa á heimsmeistaramóti í einstaklings skautum.

Aldís Kara er kappsfullur íþróttamaður sem leggur sig fram í íþrótt sinni. Hún er yngri iðkendur góð fyrirmynd bæði í framkomu og viðhorfi til íþróttarinnar.



Mótahald

Í ljósi aðstæðna var mikið um aflýsingu og/eða frestun viðburða. Er þá um að ræða alþjóðleg mót, ÍSS mót, innanfélags- og millifélagamót og grunnpróf. Skautasamband Íslands, og nefndir sem starfa innan sambandsins, hefur hag skautara og starfsmanna alltaf efst í huga og vill eftir fremsta megni koma til móts við alla viðeigandi aðila sé það hægt. Þess vegna var gefin út tímabundin reglugerð um keppnishald og reglur á covid tímum og gildir hún á meðan ekki er hægt að halda úti venjulegu keppnishaldi á Íslandi. Voru þar settar sér reglur meðal annars um Bikarmótaröð ÍSS, Grunnpróf og gildistíma þeirra, Landsliðsverkefni, Afrekshópa og viðmið í þá og um réttindi dómara- og tæknifólks ÍSS.

Þetta er annað tímabilið þar sem sá hátturinn er hafður á að það aðildarfélag sem heldur mótið hverju sinni sér um skipulagi og framkvæmd mótsins. Skristofa ÍSS og mótanefnd hafa verið félögnum innan handar og sá um að taka á móti skráningum á mótin ásamt því að útvega starfsfólk á dómara- og tæknipanel.

ÍSS skipulagði á þessu tímabili fjögur mót

- Haustmót
- Íslandsmót
- Reykjavíkurleikarnir (RIG)
- Vormót

Íslandsmóti ÍSS, sem átti að fara fram í nóvember, var aflýst sökum æfinga og keppnisbanns.

Íslandsmeistarar 2020 voru krýndir samhliða Reykjavíkurleikunum í janúar 2021.

Íslandsmeistarar 2020:

Advanced Novice: Freydís Jóna Jing Bergsveinsdóttir

Junior Ladies: Júlía Rós Viðarsdóttir

Senior Ladies: Aldís Kara Bergsdóttir



Junior Grand Prix 2020

Að þessu sinni átti Ísland rétt á því að senda keppendur á þrjú mót á unglíngamótaröðinni, ISU Junior Grand Prix. Fram að þessu höfum við átt tvö sæti á sitt hvorri keppninni, en þar sem að við áttum fulltrúa á Heimsmeistaramóti unglíngna árið 2020 sem kláraði mótið í 35. sæti vannst þar með inn þriðja úthlutunin.

Í ljósi aðstæðna í heiminum var mótaröðin felld niður í heild sinni ásamt heimsmeistaramóti unglíngna sem fara átti fram í mars sl.. Þessi pláss sem unnist höfðu haldast fram á næsta tímabil og getur Skautasamband Íslands núna í haust sent skautara til keppni á þremur mismunandi mótum.

Þetta er stór framfararpunktur fyrir Skautasambandið og sýnir bæði okkur á Íslandi, sem og þeim sem taka þátt í og fylgjast með skautaíþróttum í heiminum, að gæði skautaíþróttanna á Íslandi eru að þróast í rétta átt.

Bikarmótaröð ÍSS

Bikarmótaröð ÍSS fór nú fram í annað sinn. Þar sem að tímabilið var, eins og áður segir, ekki eins og vant er þá gaf stjórn ÍSS út að öll mót sem haldin væru af ÍSS á tímabilinu myndu gilda til stiga á Bikarmótaröð ÍSS. Að þessu sinni voru það Haustmót, Reykjavíkurleikarnir og Vormót. Að Vormóti loknu voru Bikarmeistarar ÍSS krýndir í verðlaunaafhendingu.

Bikarmeistarar Skautasambands Íslands 2021 er Skautafélag Akureyrar.

Stigatafla Bikarmótaraðar ÍSS 2020-2021

	Fjöldnir	Skautafélag Akureyrar	Skautafélag Reykjavíkur
Haustmót	37	45	35
Reykjavíkurleikar	39	45	33
Vormót	11	13	15
Samtals stig:	87	103	83



RIG 2021



Ekki var hægt að halda Reykjavíkurlleikana (e. Reykjavík International Games) með sama hætti og fyrri ár. Mótið var haldið á landsstigi, sem þýðir í raun efsta stig móta sem haldin eru á Íslandi sem ekki eru alþjóðleg mót. Keppnin var þá, eðlilega, með töluvert minna sniði en vanalega en það vantaði alla erlenda keppendur á mótið auk þess sem töluvert brottfall hafði orðið á íslenskum keppendum.

Mótið var haldið af ÍSS í samvinnu við mótanefnd ÍSS og Skautafélag Reykjavíkur. Áhorfendabann var í gildi en fulltrúar félaganna og aðrir keppendur sátu í stúkunni og létu í sér heyra hvað þeir máttu til að hvetja keppendur áfram. Mótinu var svo streymt í beinni útsendingu á netinu sem gaf forráðamönnum og áhugasömum tækifæri til þess að sjá keppendurnar sýna listir sínar. Stemmningin á mótinu var mjög góð. Skautararnir voru spenntir að fá loksins að keppa eftir langt keppnisbann og tengingin og hvatningin sem myndaðist á milli keppenda úr mismunandi félögum var eitthvað sem eftir var tekið og varð vonandi til þess að mynda góð sambönd til framtíðar.



Frammistaða skautara var fram úr öllum vonum og greinilegt að íþróttafólkið okkar og þjálfarar þeirra hafa fundið leiðir til þess að halda góðum tengslum við íþróttina þrátt fyrir takmarkanir. Má þar helst nefna að Aldís Kara Bergsdóttir, úr Skautafélagi Akureyrar, setti Íslandsmet á sínu fyrsta mótí í Senior flokki. Setti hún stigamet í bæði stuttu og frjálsu prógrammi og þar af leiðandi í heildarstigum líka.



Þróunarverkefni

Á tímabilinu hefur verið haldið áfram með þróunarverkefni sem voru komin á nokkurn veg. Má þar meðal annars nefna uppbyggingu á skautahlaupi á Íslandi á nýjan leik. Alþjóðaskautasambandið (ISU) fer fram á að grunnstoðir íþróttanna séu til staðar á Íslandi áður en Skautasambandið fær aðild að skautahlaupshluta þess. Vinnuhópur um málefnið var myndaður og hefur hann fundað reglulega og safnað ýmsum upplýsingum sem þarf. Meðal þeirra verkefna sem eru í vinnslu eru opnar skautahlaupsæfingar. Til þess að það sé hægt þurfum við að koma okkur upp grunn búnaði, svo sem dýnum fyrir batta. Vinnuhópurinn hefur verið í sambandi við fimleikasamband Íslands og aðildarfélög þess og er vinnan vel á veg komin.

Annað stórt þróunarverkefni er uppbygging á samhæfðum skautadansi (e. Synchro) á Íslandi að nýju. Við búum svo vel að hafa þjálfara á Íslandi sem ekki bara hafa viðamikla þekkingu og reynslu í þjálfun á samhæfðum skautadansin heldur einnig brennandi áhuga og vilja til þess að starfa með Skautasambandinu. ÍSS hefur haldið úti opnum æfingum í Egilshöll reglulega síðan um áramótin og mun halda því áfram allavegana fram á vorið. Þar gefst öllum áhugasömum skauturum tækifæri til þess að kynna sér samhæfðan skautadans undir leiðsögn þjálfara með sérþekkingu á íþróttinni.



Mikil rannsóknarvinna og undirbúningsvinna var unnin og í byrjun árs 2021 var nýtt skautafélag stofnað, Skautafélagið Jökull. Að stofnun félagsins standa þær Kristín Ómarsdóttir, Sólveig Dröfn Andrésdóttir og Sunna Björk Mogensen. Félagið einskorðast ekki við samhæfðan skautadans en fyrsta verkefni þeirra er að kynna íþróttina og koma af stað öflugum starfi sem allir hafa aðgang að, hvort sem þeir æfa listskauta nú þegar eða hafa æft áður eða hreinlega hafa aldrei æft skauta. Mörg verkefni eru á döfinni hjá félaginu og er Skautasambandið ánæggt með viðbótina við okkar aðildarfélög.

Skrifstofa ÍSS hefur unnið að því síðustu mánuði að kynna sér hvernig hægt væri að stækka sambandið með því að bæta rúlluskautáþróttum við íþróttagreinar sambandsins. Í grunninn skilgreinir ÍSS íþróttagreinar sínar ekki sem ís greinar og geta því allar rúlluskautáþróttir tilheyrt sambandinu. Margar greinar á rúlluskautum eru keimlíkar þeim greinum sem nú þegar eru stundaðar á ís, má þar til dæmis nefna listskauta á rúlluskautum/línuskautum og skautahlaup á línuskautum. Æfingar í skautahlaupi, bæði skautaati og langhlaupi, fara að miklu leiti fram á línuskautum og liggur því beinast við að ÍSS nýti sér þær æfingar til þess að kynna skautahlaup frekar fyrir Íslendingum.



Skautar fyrir alla er verkefni sem við viljum vinna sérstaklega að og höfum haft að grunni í öllum okkar þróunarverkefnum og samstarfi við aðildarfélög okkar. Markmiðið er að bæta aðgengi allra að skautaæfingum og stuðla að því að allir geti stundað sína íþrótt á eigin forsendum og fái tækifæri til þess að æfa og keppa, ef vilji er fyrir því, á jafningjagrundvelli.

Að lokum

Eftir stutt og í raun viðburðalítið tímabil, í stóra samhenginu, er mikilvægt að gera grein fyrir því góða starfi sem þó fer fram. Samvinna á milli aðildarfélaga og við Skautasambandið hefur verið mikil og gengið mjög vel og er það von okkar að sú samvinna haldi áfram og verði eflid til muna. Stjórnir, þjálfarar og starfsfólk aðildarfélaga okkar vinna gríðarlega góða og mikla vinnu fyrir sín félög. Og mikilvægt er að hægt sé að miðla af reynslu sinni og leita aðstoðar hjá jafningjum ef þess ber þörf.

Framundan er nýtt tímabil, sem strax er hafinn undirbúningur fyrir. Ólympíuár að ganga í garð og því fylgja alltaf tækifæri sem mikilvægt er að nýta sér eftir fremsta megni. Einnig fer fram á næsta tímabili Special Olympics Winter Games, en þar á Skautasambandið hóp af verðugum fulltrúum en 6 keppendur munu keppa fyrir Íslands hönd sem munu fara til Kazan í Rússlandi ásamt þjálfurum sínum.

Stjórn ÍSS vill koma á framfæri þakklæti til allra sem komið hafa að vinnu ÍSS síðastliðið ár; Sjálboðaliðar, nefndarmenn, starfsmenn, keppendur, þjálfarar, stjórnir félaga, foreldrar og aðrir aðstandendur hafa hjálpast að við að gera umhverfi íþróttarinnar sem best og heilbrigðast og er það von stjórnar að sú vinna muni halda áfram.

Afreksaskrá ÍSS

Fystu staðfest element

<i>Element</i>		<i>Nafn</i>	<i>Ár</i>	<i>Mót</i>
Töfaldur Axel	2A	Sigurlaug Árnadóttir	2001	Á mótum innanlands og á Norðurlandamóti
Þrefalt Salchow	3S	Þuríður Björg Björgvinsdóttir	2015	Vetrarmót ÍSS
Þrefalt Toeloop	3T	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir	2017	Íslandsmeistaramót ÍSS
Þrefalt Loop	3L	Aldís Kara Bergsdóttir	2020	Reykjavík International Games
Þrefalt Flip	3F	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir	2020	Dreitannen Cup
Þrefalst Lutz	3Lz	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir	2020	Champéry
Þrefalt stökk í samsetningu	3T+2T	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir	2017	Grand Prix Bratislava
Fleiri en eitt þrefalt stökk í sama prógrami	3S+2T 3T	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir	2018	Tirnavia Ice Cup
Tvö þreföld í samsetningu	3F+3T	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir	2020	Champéry

Afreksaskrá ÍSS

Heildarstig

Senior Ladies

Ár	Árangur	Nafn
2020	123,44	Aldís Kara Bergsdóttir
2018	102,25	Margrét Sól Torfadóttir
2015	98,34	Júlía Grétarsdóttir
2012	71,54	Guðbjörg Guttormsdóttir
2008	69,11	Audrey Freyja Clarke
2008	66,41	Audrey Freyja Clarke

Advanced Novice

Ár	Árangur	Nafn
2018	106,07	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
2017	101,70	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
2017	86,88	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
2016	86,49	Marta María Jóhannsdóttir
2015	81,05	Emilía Rós Ómarsdóttir
2010	74,39	Júlía Grétarsdóttir
2009	64,43	Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
2008	60,58	Helga Jóhannsdóttir
2005	55,24	Sigrún Lind Sigurðardóttir
2005	42,19	Sigrún Lind Sigurðardóttir

Junior Ladies

Ár	Árangur	Nafn
2020	151,19	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
2019	127,69	Aldís Kara Bergsdóttir
2019	116,09	Aldís Kara Bergsdóttir
2019	112,81	Aldís Kara Bergsdóttir
2019	108,45	Aldís Kara Bergsdóttir
2018	104,65	Kristín Valdís Örnólfsdóttir
2018	104,30	Kristín Valdís Örnólfsdóttir
2015	102,31	Emilía Rós Ómarsdóttir
2013	97,50	Vala Rún B Magnúsdóttir
2011	90,65	Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
2011	87,13	Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
2011	78,19	Júlía Grétarsdóttir
2005	72,18	Audrey Freyja Clarke
2005	61,27	Íris Kara Hreiðarsdóttir

Afreksaskrá ÍSS

Stutt prógram

Senior Ladies

Ár	Árangur	Nafn
2021	40,93	Aldís Kara Bergsdóttir
2016	35,42	Júlía Grétarsdóttir
2015	33,30	Júlía Grétarsdóttir
2015	30,94	Júlía Grétarsdóttir
2013	27,36	Guðbjörg Guttormsdóttir
2012	24,08	Guðbjörg Guttormsdóttir
2008	23,75	Audrey Freyja Clarke
2008	22,97	Audrey Freyja Clarke

Advanced Novice

Ár	Árangur	Nafn
2017	65,30	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
2017	58,50	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
2016	54,68	Marta María Jóhannsdóttir
2015	50,40	Emilía Rós Ómarsdóttir
2014	46,77	Marta María Jóhannsdóttir
2012	46,45	Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir
2010	46,43	Júlía Grétarsdóttir
2009	40,44	Heiðbjört Arney Höskuldsóttir
2005	35,20	Sigrún Lind Sigurðardóttir

Junior Ladies

Ár	Árangur	Nafn
2020	56,18	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
2020	45,25	Aldís Kara Bergsdóttir
2019	44,95	Aldís Kara Bergsdóttir
2019	41,37	Aldís Kara Bergsdóttir
2018	40,18	Kristín Valdís Örnólfsdóttir
2016	38,91	Emilía Rós Ómarsdóttir
2014	37,08	Kristín Valdís Örnólfsdóttir
2014	36,24	Vala Rún B Magnúsdóttir
2011	34,81	Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
2011	28,36	Júlía Grétarsdóttir
2005	25,25	Audrey Freyja Clarke

Afreksaskrá ÍSS

Frjálst prógram

Senior Ladies

Ár	Árangur	Nafn
2021	82,51	Aldís Kara Bergsdóttir
2018	68,71	Margrét Sól Torfadóttir
2015	67,40	Júlía Grétarsdóttir
2013	52,39	Guðbjörg Guttormsdóttir
2012	47,46	Guðbjörg Guttormsdóttir
2008	45,44	Audrey Freyja Clarke

Advanced Novice

Ár	Árangur	Nafn
2017	65,30	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
2017	58,50	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
2016	54,68	Marta María Jóhannsdóttir
2015	50,40	Emilía Rós Ómarsdóttir
2014	46,77	Marta María Jóhannsdóttir
2012	46,45	Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir
2010	46,43	Júlía Grétarsdóttir
2009	40,44	Heiðbjört Arney Höskuldsóttir
2005	35,20	Sigrún Lind Sigurðardóttir

Junior Ladies

Ár	Árangur	Nafn
2020	94,38	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
2019	82,74	Aldís Kara Bergsdóttir
2019	82,00	Aldís Kara Bergsdóttir
2019	72,12	Aldís Kara Bergsdóttir
2015	67,10	Emilía Rós Ómarsdóttir
2014	64,49	Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir
2013	64,05	Vala Rún B Magnúsdóttir
2012	60,18	Júlía Grétarsdóttir
2011	52,56	Heiðbjört Arney Höskuldsóttir
2011	49,83	Júlía Grétarsdóttir
2005	46,93	Audrey Freyja Clarke

Heiðursfélagar ÍSS

Stjórn ÍSS getur veitt þeim Heiðursmerki ÍSS sem unnið hafa af atorku og dugnaði að vexti og viðgangi skautaiþróttta. Heiðursmerki ÍSS skal veita á Skautaþingi eða við tilefni er stjórn ÍSS ákveður. Stjórn skal vera einróma um veitingu merkisins.

Heiðursmerkishafar ÍSS:



Guðbjört Erlendsdóttir
Gullmerki ÍSS
2020

Guðbjört var formaður Skautasambands Íslands árin 2016 – 2020. Hún stundaði listskauta til margra ára ásamt því að starfa sem dómari. Hún er fyrsti íslenski dómari sem fær alþjóðaréttindi frá ISU.



Elísabet Eyjólfsdóttir
Silfurmerki ÍSS
2019

Elísabet var kjörin formaður listhlaupadeildar Skautasambandsins árið 1997 og sinnti því starfi fram að aðskilnaði deildanna. Við aðskilnaðinn var Elísabet kjörin formaður Skautasambands Íslands, og er hún því fyrsti formaður sjálfstæðs sambands. Elísabet var formaður ÍSS þangað til árið 2004

Ársreikningur 2020

Skýrsla og áritun stjórnar

Ársreikningur Skautasambands Íslands (ÍSS) er í samræmi við lög um ársreikninga.

Munurinn á milli ára skýrist beint af breyttum aðstæðum vegna COVID-19. Verkefni voru færri bæði innanlands og erlendis. Tveimur mótum var aflýst á árinu og eru tekjur og gjöld móta því mjög frábrugðið fyrri árum. Engir erlendir sérfræðingar komu til landsins á okkar vegum, ef frá er talið RIG.

Styrkir eru hærri en áður. Viðbótarstyrkir fengust frá ÍSÍ, ISU og íslenska ríkinu til þess að koma til móts við breyttar aðstæður. Þessar greiðslur munu auðvelda okkur að komast sem fyrst í eðlilegra horf hvað varðar mótahald á Íslandi sem og keppnisferðir afrekshópa. En hafa ber í huga að afreksstyrkir fyrir tímabilið 2020-2021 frá bæði ÍSÍ og ISU eru greiddir eftirá og munu aðstæður án efa hafa áhrif á þær styrkveitingar.

Að þessu sinni var falinn kostnaður skautara í afrekshópum bókfærður inn í ársreikning Skautasambandsins í fyrsta sinn. Er það gert til þess að varpa ljósi á það hversu mikill kostnaður það er sem í raun og veru fellur á skautara sem keppa fyrir Íslands hönd. Þetta er einnig mikilvægt í uppgjöri ÍSS gagnvart afrekssjóði ÍSÍ. Kostnaðurinn er bókfærður í gjöld og tekjur.

Loksins var svo farið í það að endurnýja búnað á dómara- og tæknipanel. Það var þarft verkefni sem var í raun búið að bíða með of lengi. Það fékkst styrkur fyrir hluta kostnaðarins en kaup á búnaði færast að einhverju leiti einnig yfir á árið 2021.

Lilja Baldursdóttir starfar nú sem framkvæmdastjóri ÍSS í 50% stöðugildi og Svava Hróðný Jónsdóttir, formaður stjórnar, sinnir stöðu verkefnastjóra í 30% stöðugildi. Eftir sem áður eru þær að sinna meira en greiddu starfshlutfalli en þó hefur það bæst til muna.

Haldið verður áfram þeirri vinnu að afla frekari styrkja fyrir hinum ýmsu verkefnum.

Staða Skautasambandsins hefur breyst töluvert en áfram er unnið að því að styrkja stöðuna og vinna markvisst að afreksmálum.

Stjórn Skautasambands Íslands staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2020.

Rekstrarreikningur

	skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Félög og iðkendur	3	9.897.526	6.221.822
Styrkir	4	18.811.092	14.306.976
Aðrar tekjur	5	474.651	1.202.719
		<hr/>	<hr/>
Rekstrartekjur alls:		29.183.269	21.731.517
Rekstrargjöld			
Mót og Grunnpróf	6	3.361.014	6.540.000
Afreksmál	7	12.343.464	7.684.463
Námskeið og fyrirlestar	8	361.401	659.451
Laun og launatengd gjöld	9	8.213.839	6.692.849
Annar rekstrarkostnaður	10	1.813.935	2.535.082
Afskriftir	11	241.158	0
		<hr/>	<hr/>
Rekstrargjöld alls		26.334.811	24.111.845
Afkoma án fjármagnsliða		2.848.458	(2.380.328)
Fjármuna og fjármagnstekjugjöld:			
Vaxtatekjur og verðbætur		11.056	16.681
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(42.221)	(9.623)
		<hr/>	<hr/>
		(31.165)	7.058
		<hr/>	<hr/>
Afkoma ársins		2.817.293	(2.373.270)

Efnahagsreikningur

31. desember 2020

	skýr.	2020	2019
EIGNIR			
Fastafjármunir:			
Áhöld og tæki	12	964.632	0
Fastafjármundir alls:		<u>964.632</u>	<u>0</u>
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur		2.783.011	3.596.812
Handbært fé		3.271.128	766.239
Veltufjármunir alls:		<u>6.054.139</u>	<u>4.363.051</u>
Eignir samtals		<u>7.018.771</u>	<u>4.363.051</u>
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé 01.01		3.648.823	6.022.093
Afkoma ársins		2.817.293	(2.373.270)
Eigið fé alls:		<u>6.466.116</u>	<u>3.648.823</u>

Skammtímaskuldir:

Viðskiptaskuldir	460.535	615.419
Ógreitt vegna starfsfólks	92.120	90.862
Skammtímaskuldir	0	7.947
Skuldir alls:	<u>552.655</u>	<u>714.228</u>
Skuldir og eigið fé samtals:	<u>7.018.771</u>	<u>4.363.051</u>

Skýringar

1. Upplýsingar um Skautasamband Íslands

Skautasamband Íslands er samband íþróttafélaga. Sambandið er æðsti aðili um öll skautamál er varðar listskauta og/eða skautahlaup innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. Er sambandið aðili að Alþjóðaskautasambandinu (ISU) og jafnframt fulltrúi þess hér á landi. Lögheimili sambandsins er að Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna:

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórn sambandsins hefur metið rekstrarhæfi þess og telja að sambandið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir: Stjórn þarf að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Viðskiptakröfur: Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að frádreginni niðurfærslu, ef um hana er að ræða, til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

Handbært fé: Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

Viðskiptaskuldir: Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði.

Tekjur: Tekjur eru að jafnaði færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til sambandsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Félög og iðkendur

	2020	2019
Iðkenda- og aðildafélagstekjur	567.000	701.100
Mótatekjur	1.310.548	2,875,706
Grunnpróf	200.100	406,850
Greiðslur v/landslíðsverkefna	588.779	2,124,165
Greiðslur v/æfingabúða	115.000	95,501
Beinn kostn. afrekshóps v/mótapátttöku	6.803.389	0
Námskeið og fyrirlestrar	312.710	18,500
Félög og iðkendur alls:	9.897.526	6,221,822

4. Styrkir

	2020	2019
ISU styrkur	4.540.084	2,988,947
Aftekssjóður ÍSÍ	1.900.000	1,500,000
Lottótekjur	6.064.722	4,527,954
Útbreiðslustyrkur	3.356.286	2,540,075
Ríkisstyrkur	2.950.000	2,750,000
Styrkir alls:	18.811.092	14,306,976

5. Aðrar tekjur

	2020	2019
Aðrar tekjur alls:	474.651	1,202,719

6. Mót og grunnpróf

	2020	2019
Dómgæsla	495.680	1,076,500
Kostnaður v/dómgæslu	1.622.741	3,354,633
Kostnaður v/hátíðardagskrá RIG/NM	53.075	319,500
Verðlaunakostnaður	169.934	66,510
Kostnaður v/streymis_útsendinga	458.560	272,800
Annar kostnaður móta	471.176	1,203,534
Kostnaður v/tæknibúnaðar	49.435	246,523
Sendingarkostnaður - vöruf lutningar	40.413	0
Mót og grunnpróf alls:	3.361.014	6,540,000

7. Afreksmál

	2020	2019
Kostnaður v/fagteymis	563.611	82,500
Kostnaður v/alþjóðlegra móta	1.789.953	4,104,496
Kostnaður v/ HM_EM	76.535	0
Beinn kostnaður afrekshóps v/móta	6.803.389	0
Kostnaður v/landslíðsfatnaðar	189.508	498,426
Kostnaður v/æfingabúða	2.044.663	1,807,740
Kostnaður v/dómaamenntunar	13.231	125,189
Kostnaður v/þjálfaramenntunar	354.074	317,612
Greiðslur úr Afrekssjóði ÍSS	508.500	748,500
Afreksmál alls:	12.343.464	7,684,463

8. Námskeið og fyrirlestrar

	2020	2019
Kennsla og gögn v/námskeiða	157.901	163,832
Kostnaður v/námskeiða	3.500	236,310
Þróunarverkefni_önnur ráðgjöf	200.000	328,459
Annar kostnaður	0	(69,150)
Námskeið og fyrirlestrar alls:	361.401	659,451

9. Laun og launatengd gjöld

	2020	2019
Laun	7.140.074	5,499,578
Dagpeningar	69.000	138,530
Áunnið orlof	(172.177)	
Tryggingargjald	483.648	444,508
Lífeyrissjóðsframlag og félagsgjöld	621.991	565,226
Sjóðagjöld - mótframlag	61.803	45,007
Endurmenntun og námskeið	9.500	0
Laun og launatengd gjöld alls:	8.213.839	6,692,849

10. Annar rekstrarkostnaður

	2020	2019
Húsnæðiskostnaður:		
Húsaleiga	646.542	615,804
	646.542	615,804

Rekstur áhalda og tækja:		
Gjaldfærð áhöld og tæki	6.950	0
Tækjaleiga	35.862	0
Vátryggingar	22.819	22,434
	65.631	22,434
Skrifstofukostnaður:		
Sími og internet	0	6,191
Burðargjöld	17.649	69,323
Pappír, prentun og ritföng	52.836	341,209
Skrifstofuáhöld	9.522	1,995
Rekstur tölvukerfis	645.875	677,542
Annar skrifstofukostnaður	51.584	450
	777.466	1,096,710
Stjórnun og umsýsla:		
Ferðakostnaður	0	37,080
Ráðstefnur	197.612	514,286
Auglýsingar	0	54,424
Gjafir og styrkir	79.660	99,923
Þjónustugjöld og fit kostnaður	47.024	52,541
Þjónustugjöld Visa/Euro	0	41,880
	324.296	800,134
Annar rekstrarkostnaður alls:	<u>1.813.935</u>	<u>2,535,082</u>

11. Afskriftir

	2020	2019
Afskriftir áhalda og tækja	241.158	0
Afskriftir alls:	241.158	0

12. Áhöld og tæki

	2020	2019
Keypt á árinu	964.632	0
Áhöld og tæki alls:	964.632	0

Skautasamband Íslands
Ársskýrsla 2020 – 2021
Unnið af Skrifstofu ÍSS